

2003

27. febrúar 2003 kom Bubbi fram á bæði Bylgjunni og Rás 2. og kynnti væntanlega tónleikaröð á Hótel Borg. Þar sem ætlunin var bjóða upp á kvöldverð og tónleika. Bubbi flutti nokkur lög á báðum stöðvunum meðal annar nýtt lag sem bar vinnuheitid Fyrirgefð var síðar notað á sólóplötu hans þetta ár.

28 febrúar 2003 hóf Bubbi tónleikaröð á Hótel Borg þar sem matargestum er boðið upp á kvöldverð og ljúfa tónleika.

Apríl 2003 Bubbi hljóðritar nýja plötu sem hlaut titlinn 1000 kossa nótt og var einnig gert myndband við samnefnt lag. (á myndinni má sjá Bubba ásamt bakraddarsöngvurum við upptökur í Stúdío Sýrlandi)

15. apríl 2003 voru auglýsir tónleikar Bubba í Safnaðarheimilinu Sandgerði en alllangt var þá um liðið frá því Bubbi hafði komið fram á tónleikum í þeim bænum.

26. apríl 2003 Tolli, bróðir Bubba er gestur í Laugardavkvöld með Gísla Marteini. Bubbi kemur þar óvænt og þeir bræður syngja söng.

Maí 2003 Nýtt íslenskt vefsvæði er opnað tónlist.is. Bubbi mætir í Stúdío Sýrland og spilar nokkur lög við opnunina. Við það tækni formlega selt fyrsta lagið af síðunni sem var lag af væntanlegri plötu Bubba.

Júní 2003 sendu Paparnir frá sér nýja plötu – Þjóðsaga þar syngur Bubbi lagið Það skrifað stendur. Um líkt leiti kom út Íslandslög 6 þar sem Bubbi syngur lag Hallbjargar Bjarnadóttur Vorvísar.

Júlí 2003 hóf Jón Ólafsson að vinna að gera plötunnar Íslensk ástarljóð sem Steinsnar gaf út. meða laga þar er lagið Þér konur og Jón hugmyndir um að fá Bubba til að syngja þetta lag. Af því varð ekki og eins og allir vita söng Björn Jörundur söngvari Nýdanslaga lagið.

Þorvaldur Bjarni. Skemmst er frá að segja að þættirnir slóu í gegn og voru á hvers manns vörum. Og þótti Bubbi einna litríkastur dómara. Harður, allt að óvæginn en um leið réttlátur. Á sama tíma hóf Bubbi árlega hringferð sín um landi og kynnti þar efni n plötu.

15. september 2003 Bubbi byrjar hausttónleikaferð sína á Skagaströnd. Ferð hans stóð út september og aftur frá 12-18 nóvember. Meðal efnis á prógramminu voru lög af væntanlegri plötu 1000 kossa nótt

24. september 2003 Bubbi með tónleika á Þingeyri. Þar sem hann tekur nokkuð af lögum væntanlegrar plötu 1000 kossa nótt.

9. október 2003 Plata 1000 kossa nótt kemur út og viðtökur almennings í raun stórmerkilegar þar sem platan rann út eins og heitar lummur. og þann 9. október bauð Bubbi til útgáfuveislu í vinnustofu Tolla bróður síns í Gamla Ísbirninum á Nesinu. Platan 1000 kossa nótt fékk frábærar viðtökur og þegar upp var staðið var platan í hópi söluhæstu platananna ársins.

30. október 2003 efndi Bubbi til útgáfutónleika á Nasa. Hluti tónleikanna var sendur út á netinu gegnum vefsvæðið tónlist.is. Tónleikarnir þóttu með flottara móti þetta árið og enn ein skrautfjöldur í hattin að mati margra gestanna á Nasa þetta kvöld

23. desember 2003 Árlegir þorláksmessutónleikar Bubba á fóru fram á Nasa og útvarpað á Bylgjunni í þriðja sinn og öllum ljóst að Bubbi var þangað kominn til að vera.